



Leikreglur

Við viljum biðja þjálfara/liðstjóra að útskýra þessar reglur vel fyrir keppendum sem og foreldrum til að forðast allan misskilning.

Aðeins þjálfarar/liðstjórar og leikmenn viðkomandi liðs mega vera innan merkts vallarsvæðis. Allir aðrir eiga að vera utan þess. Bannað er að standa á hliðarlínu sem sker velli 6. og 7. flokks á æfingasvæðinu.

Stranglega bannað er að ganga þvert yfir aðalleikvanginn.

Prúðustu lið mótsins verða valin í hverjum flokki karla og kvenna. Tillit er tekið til almennrar hegðunar innan vallar sem utan og stundvísi á leikstað.

Þjálfarar/liðstjórar liðanna verða að sjá til þess að lið þeirra séu tilbúin a.m.k.5 mín fyrir auglýstan leiktíma og í námunda við sinn völl.

Leiktíminn er 2 x 12 mín í 5. og 4. flokki, en 2 x 10 mín í 6. og 7. flokki. Ef lið eru nánast eins búningum þá fer liðið sem nefnt er á undan í leikjaskrá í vesti.

Af gefnu tilefni þá verður notast við foreldralínu við hvern völl á svæðinu. Einungis þjálfari og leikmenn mega vera innan við foreldralínuna. Við óskum þess að þjálfarar og liðstjórar liðanna aðstoði okkur við að minna áhorfendur á þessa reglu.

Leikreglur:

- Spilað er eftir reglum KSÍ um minniknattspyrnu, nema annað sé tekið fram hér fyrir neðan.
- Ekki er leyfilegt að skora beint úr upphafsspyrnu.
- Markmaður má ekki skora beint úr útsparki, þ.e.a.s. þegar hann heldur á boltanum og sparkar út.
- Markmaður má alltaf taka boltann með höndum innan vítateigs nema í 4. fl. og 5. fl.
- Allar aukaspurnur eru beinar í 7. – 5. flokk en dæmdar eru óbeinar aukaspurnur í 4. og 5. flokki t.d. þegar markmaður tekur boltann með höndum eftir sendingu frá samherja.
- Varnarveggur skal vera a.m.k. í 6 m fjarlægð frá boltanum þegar aukaspurnur eru teknar.
- Ekki eru skráð hærri úrslit en 5-0, 6-1, 7-2 o.s.frv. (fimm marka munur).
- Í undanúrslitum og úrslitum gildir sú regla að ef leikur endar með jafntefli þá er framlengt um 1 x 5 mín. Ef ekkert mark er skorað í framlengingu verður hlutkesti látið ráða úrslitum. Dómari kallar þá þjálfarana til sín þegar um hlutkesti er að ræða.
- Ef lið verða jöfn að stigum í riðlakeppni ræður innbyrðis viðureign, ef enn er jafnt verður farið í leiki liðanna gegn liðinu þar fyrir neðan og svo áfram niður sé þess þörf. Ef jafnt er á öllum úrslitum verður hlutkesti látið ráða. ATH MARKATALA GILDIR EKKI
- Leikið er með bolta nr. 4 í 4. og 5. flokki en bolta nr. 3 í 6. og 7. flokki.

Nánari skýringar um keppnisfyrirkomulag í hverjum flokki eru á blaði merktu tilteknum flokki.